

VEGAGERÐIN
Norðurland eystra

Mótt. 22 FEB. 2006

Skjalalykill _____ 409

Málsnr. 2006020066



Vegagerðin
Magnús Björnsson
Verkefnastjóri
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfirði

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
ingasoley@fornleifavernd.is

Egilsstaðir 6. febrúar 2006
Tilvisun: Fvr 2006020013 IISK

Efni: Ný veglína stofnvegjar um Arnórsstaðarmúla

Þann 2. febrúar hafði Magnús Björnsson, verkefnastjóri hjá Vegagerðinni, samband við minjavörð vegna fyrirhugaðrar nýrrar veglínu stofnvegjar um Arnórsstaðarmúla meðfram Gilsá. Fyrirhuguð vegalína liggur úr landi Skjöldólfsstaða meðfram norðurhlíð Gilsá og norðan megin við Ármótasel.

Heiðarbylíð Ármótasel var upphaflega sel frá Arnórsstöðum og byggðist fyrst um 1853 en það fór í eyði árið 1943. Greinilegar tóttir eru eftir bæjarhús og úthús. Útskot er á vegi og skilti við tóttirnar en núverandi vegur fer skammt sunnan við þær. Hin fyrirhugaða nýja veglína liggur norðan megin við Ármótaselið skammt sunnan eldri vegar. Útlit er fyrir að umferð færist fjær minjunum með hinni nýju veglínu og er það gott. Æskilegt væri þó að hin nýja veglína fylgdi eldri vegarslóða sem er fjær rústunum ef mögulegt er.

Minjavörður gekk fyrirhugaða veglínu þann 3. febrúar. Ekki var aðrar minjar að sjá á yfirborði. Þó skal minnt á 13. grein Þjóðminjalaga en þau hljóða svo:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Virðingarfyllt
f.h. Fornleifaverndar ríkisins


Inga Sóley Kristjónsdóttir
Minjavörður Austurlands